



BÓKASAFN AKRANESS

Ársskýrsla 2018

ÚTDRÁTTUR:

Útlán hafa aukist frá fyrra ári og daglegar gestakomur hafa aukist jafnt og þétt.

Viðgerð stóð yfir á húsnæði safnsins og var óhjákvæmilegt að færa barnadeildina úr stað.

Röskunin olli safngestum óþægindum og snerti einnig starfsfólk safnsins.

Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður

Lykiltölur 2018:

Útlánuð gögn: 42.448 (42.263) *

Útlán Rafbókasafn: 562 (171) útlán. 61(30) notandi. 100% aukning

Útlán á per íbúa: 5,84 (5.81) safngögn. Lán per lánþega: 26,91 (26,68) safngögn

Millisafnalán: 388 (399) safngögn.

Skráðir lánþegar í árslok 2018: 1.577 (1.584). Þriggja ára tímabil, 3.267 (2.927) lánþegar.

Heimsóknir (skipulagðar/ á eigin vegum) leikskólabarna: 13/8 (8/4) heimsóknir : 232 (169) börn.

Heimsóknir grunnskólanema: 26 (20) heimsóknir; 560 (356) börn.

Þjónustutími: 33/30 (43/40) klst. á viku.

Netkaffitölva: 5-10 manns á viku (ekki talið, áætlað).

Svöfusalur: aðgangskort: 30 (30).

Bókin heim og útlán á Höfða: 1509 (1.811). Þjónstubeiðnir 98 (119).

Safnkostur skráður í Gegni í árslok 2018: 84.180 (84.803).

Starfsfólk: Fastráðið í 3,5 (3,5) stöðugildi og lausráðið 0,50 (0,50) stöðugildi.

Íbúafjöldi á Akranesi 1. jan. 2019: 7.411 (7.259)

Talning gesta á viðburðum: 3.059 (4.710)

*Til samanburðar eru tölur frá árinu áður í sviga ().

Stjórn safnsins og starfsfólk

Bókasafnið heyrir undir menningar- og safnanefnd Akraneskaupstaðar.

Ella María Gunnarsdóttir er forstöðumaður menningar- og safnamála.

AÐALMENN

Ólafur Páll Gunnarsson (S) formaður

Guðríður Sigurjónsdóttir (S)

Helga Kristín Björgólfsson (B)

Guðmundur Claxton (D)

Ingþór Bergmann Þórhallsson (D)

VARAMENN

Heiðrún Hámundardóttir (S)

Ívar Orri Kristjánsson (S)

Ole Jakob Volden (B)

Aldís Ylfa Heimisdóttir (D)

Daníel Þór Heimisson (D)

Bókasafnið starfar samkvæmt bókasafnslögum nr. 150/2012.

Starfsfólk

Við bókasafnið störfuðu 6 (6) starfsmenn. Fastráðið er í 3,5(3.5) stöðugildi og lausráðið er í (0.50) 0,50 stöðugildi.

Bæjarbókavörður er Halldóra Jónsdóttir. Bókaverðir eru Ásta Björnsdóttir, Helgi S. Steindal og Tinna Rós Þorsteinsdóttir. Geirlaug Jóna Rafnsdóttir er í 25% starfi, ráðin samkvæmt vinnustaðasamningi við Vinnumálastofnun. Lausráðinn sumarstarfsmaður og bókavörður á helgarvöktum yfir vetrartímann var Hanna Louisa Guðnadóttir, nemi í FVA. Freyr Karlsson (frá Fjöliðjunni) vinnur einn morgun í viku (2 klst) yfir vetrarmánuðina. Stöðugildi háskólamenntaðra starfsmanna er 1 á móti 2 1/2 stöðugildi bókavarda.

Endurmenntun starfsfólks: Helgi Steindal lauk prófi í bókasafns- og upplýsingafræði frá Háskóla Íslands á árinu. Ekki er gert ráð fyrir stöðu bókasafnsfræðings eða háskólamenntaðs starfsmanns við Bókasafnið, annarri en stöðu bæjarbókavarda.

Útlán

Á árinu voru lánuð út 42.448 (42.263) safngögn, aukning frá fyrra ári. U03 – Útlána og endurlán eftir lánþegastöðu og kyni

Lánþegastaða	Karl	Kona	Ótilgreint	Samtals
Samtals				42.448/42.263
01 / 18-66 ára	3471	15.814	2	19.287
03/ 0-17 ára	3.805	5.378	0	9.183
04 / Frítt skírteini	2.824	8.580	0	11.404
06 / Bókin heim	214	1.387	0	1.601
08/ Stofnanir	10	41	530	581
80/ MSL innlend söfn	4	40	348	392

Notkun á sjálfsafgreiðsluvél var 6.643/5.478 útlán og 7.059/6.009 skil, eða 15 % af heildarútlánum.

Bókin heim

98 (119) þjónustubeiðnir bárust safninu um *Bókina heim*. Lánuð voru 1.509 (1.811) safngögn, þar af 206 (548) hljóðbækur. Bókavörður fer til skjólstaðinga sinna á 4 vikna fresti með safngögn að vali hvers skjólstaðings. Úrval hljóðbóka á markaði hefur farið minnkandi og útgefendur og höfundar kjósa frekar að selja hljóðbækur á streymisveitum, sem almenningsbókasöfn hafa ekki aðgang að.

Safnkostur

E01 -Eintök eftir efnistegund

Eintök eftir efnistegund	2017	2018
Samtals	84.803	84.180
Bók	61.006	61.624
Gagnasett	209	210
Mp3 hljóðbók	844	668
Geisladiskur/hljóðbók	685+603=1288	496
Geisladiskur CD		847
Hljómplata	36	37
Innb. Tímarit	2.043	1.951
Kort(map)	17	17
Myndband(video)	52	49
Mynddiskur (dvd)	1084	1.106
Nótur	115	115
Snælda(audio) /hljóðbók	73+16=89	26+14=40
Tímaritshefti	17.978	16.972
Tæki(Equip)	7	8
Tölvugögn	24	24
Spil	24	16

Á árinu voru afskrifuð fleiri eintök en keypt og munar mest um afskriftir á tímaritum. Hluti tímarita sem komin eru á timarit.is voru afskrifuð. Safneign hefur rýrnaði um 623 safngögn.

Á árinu bættust við 1.154 (1.122) safngögn útgefin árið 2018 eða 720 (686) titlar. Allur safnkostur er skráður í Gegni, samskrá íslenskra bókasafna og leitarbær á leitir.is.

Lánþegar L01- Lánþegar eftir lánþegastöðu 2018

Lánþegastaða	Karl	Kona	Ótilgreint	Samtals
Samtals	461	1.057	33	1.571
01 – 18-66 ára	138	533	0	671
03 – 0-17 ára	220	288	0	508
04 – Frítt skírteini	103	236	0	339
06 – Bókin heim	1	9	0	10
08 - Stofnanir	0	0	15	15
80 – MSL innlend söfn	0	0	18	18

Lánþegar eftir fæðingarátug (M03) 2018

Áratugur	Karl	Kona	Ótilgreint
1900-1909	0	1	2
1920-1929	4	12	0
1930-1939	45	86	0
1940-1949	95	154	0
1950-1959	68	223	0
1960-1969	76	223	16
1970-1979	81	297	3
1980-1989	70	259	5
1990-1999	134	268	5
2000-2009	354	415	2
2010-2019	151	175	0
***** Samtals	1.078	2.113	33

Barnastarf

Safnið býður upp á fjölbreytt barnastarf: sögustundir fyrir leikskólahópa og gesti; safnkynningar fyrir skólanemendur; safnfræðsla fyrir gesti. Val barna á bestu barnabók árisins er á vorin, *Bókaverðlaun barnanna* og veitir Bókasafnið þátttökuverðlaun til heppinna þátttakenda. Einu sinni var... Sumarlestur fyrir börn 6-12 ára, hófst að venju 1. júní og stóð yfir til 10. ágúst ; Öskudagurinn ávalt haldinn hátíðlegur og boðið upp á myndatöku af sönghópum ; Ritsmiðja fyrir upprennandi rithöfunda. Eva Rún Þorgeirsdóttir rithöfundur stýrði smiðjunni.

Sumarlestur

Þema sumarlestur var “Ísland, fullvalda ríki 1918-2018”. Verkefnið var miðað að börnum 6 – 12 ára, stóð yfir frá 1. júní og til 10. ágúst 2018. Landmælingar Íslands styrktu verkefnið með stóru og fallegu Íslandskorti. Kortið var þakið af bókamiðum í lok sumars.

180 (185) börn skráðu sig í lesturinn og þarf af voru 108 (119) börn virk. Húllumhæ hátíðin var 15. ágúst og gestur var Lalli töframaður.



Hvað var lesið mikið:

Börnin lásu 1162 (1.339) bækur, samtals 73055 (79.608) blaðsíður.

Að jafnaði hefur því hvert barn lesið um 11 (11) bækur og 690 (688) bls.

Aldurskipting þátttakenda:

Stúlkur voru í meirihluta þátttakenda. Skipting milli kynja var á þessa leið:

Stúlkur, skráðir þátttakendur	Drengir
109	71

Skipting þátttakenda milli skóla var á þessa leið:

Skóli	Fjöldi – virkra þátttakendur	
Grundaskóli	48	
Brekkubæjarskóli	41	
Heiðarskóli	4	

Sýningar

- Guðrún frá Lundi, farandsýning var sett upp á vormánuðum. Höfundar sýningar eru Marín Hrafnadóttir og Kristín Sigurrós Einaradóttir. Í tengslum við sýninguna var fyrirlestur um Guðrúnu frá Lundi og í lok sýningartímans var efnt til kaffikviss. Vel var mætt á alla þess viðburði.
- Vorsýning var frá yngsta stigi nemenda í Brekkubæjarskóla. Nemendur sýndu verk unnin í skólastarfi.
- Myndheimur Þorvaldar Arnars Guðmundssonar. Sumarsýning er lauk 27. Júlí.

- Yfirlitssýning á útskurðarverkum Ásgeirs Samúelssonar í tilefni af 80 ára afmæli listamannsins. Sýningin opnaði 31. júlí.
- “Þetta vilja börnin sjá” farandsýning frá Borgarbókasafni. Sérstakir gestir á sýninguna voru grunnskólanemendur í 3. bekk, en aðrir nemendahópar skoðuðu einnig þessa skemmtilegu sýningu.
- Málverkasýning Áslaugar Benediktsdóttur á Vökudögum
- Glassúr, sýning Tinnu Royal, á Vökudögum
- Jólasýning bókasafnsins.

Viðburðir

Bókasafnið stóð fyrir fjölbreyttum viðburðum á árinu:

Á Írskum dögum var “söguganga”, í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Gangan var unnin í samvinnu við Leikfélagið Skagaleikflokkurinn. Gangan var endurtekin á Vökudögum. Í lok göngu var boðið upp á tónlistaratriði í Gamla kaupfélaginu. Mjög góð þátttaka í bæði skiptin.



Bókasafnið ákvað að hætta notkun á plastpokum í átakinu **Plastlaus september**. Af því tilefni færðu Soroptimistakonur á Akranesi Bókasafninu taupoka, sem þær keyptu af konum í Malaví. Pokarnir eru ætlaðir lánþegum sem koma reglulega í safnið, bera bækur til og frá bókasafninu. Pokakaupin styðja konur í

Malaví og plastlausan septhember á Bókasafninu. Bókasafnið býður gestum sínum ókeypis taupoka og þiggur gefins poka frá þeim sem eru aflögu færir.



Á Vökudögum var að venju boðið upp á veglega dagskrá:

Bókmenntakvöld. Þar lásu upp:

Bjarni M. Bjarnason: Læknishúsið

Bubbi Morthens: Rof

Sigurbjörg Þrastardóttir: Hryggdýr, en hún stýrði einnig dagskrá.

Sólveig Jónsdóttir: Heiður

Þórarinn Eldjárn: Vammfiring og Ljóðpundari

Þórunn Jarla Valdimarsdóttir: Skúli fógæti

Fjölskyldusöngstund var í umsjón Valgerðar Jónsdóttur og skólakórs Grundaskóla.





Þann 1. nóvember færði bæjarstjórn Akraness Braga Þórðarsyni, fyrrverandi bókaútgefanda, prentsmiðjustjóra, rithöfund, skrásetjara og um árabíl formaður bókasafnsstjórnar, nafnbótina heiðursborgari Akraness við hátíðlega athöfn á Bókasafni Akraness.

Um 150 manns voru viðstödd þessi merku tímamót en Bragi er áttundi einstaklingurinn sem hlýtur þessa nafnbót og er því kominn í hóp með Einari Ingjaldssyni, sr. Friðriki Friðrikssyni, Ólafi Finsen lækni, Guðrúnu Gísladóttur ljósmóður, sr. Jóni M. Guðjónssyni, Þorgeiri Jósefssyni framkvæmdastjóra og Ríkharði Jónssyni, knattspyrnumanni. Allir þessir einstaklingar hafa stuðlað að því hver með sínum hætti að skapa bæjarfélaginu Akranesi sérstöðu meðal annarra sveitarfélaga og eflt með íbúunum stolt, sem ekki verður metið til fjár.

Aðrir viðburðir sem hafa fastan sess eru: Leshringur; Norræna bókasafnavikan í nóvember, dagskrá unnin í samvinnu við Norræna félagið á Akranesi; Bókasafnsdagurinn 8. september, dagur starfsfólks bókasafna; Foreldramorgnar; Kallaspjall á föstudögum; Prjóna-og handavinnuhópar.

Gestir á viðburðum og sýningum samtals 3.059

Samtals gestir á *Viðburðum* og á *Sýningum* í húsakynnum safnsins á árinu voru 3.059 (4.710). Þar af hafa samtals 792/ 525 grunnskólanemar og leikskólabörn komið í safnkynningu eða safnheimsókn á árinu.

Foreldramorgnar

Foreldramorgnar hófu annað starfsár sitt sl. haust og eru á fimmtudögum

kl. 10-13. Kaffispjall og samvera, þar sem foreldrar, verðandi foreldrar og ungbörn voru boðin velkomin. Opið hús var í reglulega allt árið og komu 139 /29 gestir.

Boðið var upp á tvö fræðsluerindi sem, Hulda Gestsdóttir hjúkrunarfræðingur og Bergrós Ólafsdóttir talmeinafræðingur sáu um.

Þjónusta

Safnið veitir fjölbreytta þjónustu auk bókasafnsþjónustu, menningartengda og lestrarhvetjandi. Sýningar og viðburðir eru fastir liðir í starfsemi safnsins. Aðstaða er fyrir námsfólk er í Svöfusal, en um 30 aðilar hafa aðgang að salnum með aðgangskorti. Fjöldi fólks leggur leið sína í safnið án þess að taka bækur eða önnur safngögn. Les blöðin, skoðar sýningar og spjallar við náungann.

Styrkir

Bókasafnið hlaut styrk frá Afmælisnefnd um fullveldi Íslands 100 ára 1918-2018 og viðbótarstyrk frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands til að standa fyrir menningarviðburði.

Að lokum.

Bókasafnið er aðili að mörgum samstarfsverkefnum safna:

Landskerfi bókasafna ehf. Þar er hafinn undirbúningur að vali á nýju bókasafnskerfi og hefur fulltrúi frá safninu tekið þátt í undirbúningsvinnu.

Landsaðgangur að rafrænum áskriftum, hvar.is. Landsaðgangur að rafrænum áskriftum - hvar.is veitir öllum sem tengjast Netinu um íslenskar netveitur aðgang að tímaritstgreinum tæplegra 22 þús. tímarita og þar af 5.478 tímaritum beint frá útgefendum. Ríflega 200 aðilar greiða fyrir aðganginn, þar á meðal eru almenningsbókasöfn.

Rafbókasafnið

Lánþegar hafa aðgang að Rafbókasafninu, rafbokasafn.is, en þar er gott úrval af rafbókum og hljóðbókum. Mesta úrvalið er á ensku, en íslensku efni fjölgar.

8. apríl 2018

Halldóra Jónsdóttir, bæjarbókavörður

Ársskýrslan byggir m.a. á skýrslum frá Landskerfi bókasafna ehf.

Lykilskýrslur eru:

- Eintök:

E01 - Eintakafjöldi eftir efnistegund.

E04 - Eintakafjöldi eftir eintakastöðu.

- Útlán:

U03 - Útlán og endurlán eftir lánþegastöðu og kyni.

U04 - Útlán og endurlán eftir eintakastöðu .

- Lánþegar:

L01 - Lánþegar eftir lánþegastöðu.

M01 - Lánþegar eftir lánþegastöðu, síðastliðin 3 ár.

Eintakastaða U04	Fjöldi
02	864
07	1.077
09	2.665
10	18.294
14	6.192
30	54.678
32	21
40	143
41	15
67	221
68	4
Samtals	84.180

Lánþegastaða M01	Karl	Kona	Ótilgreint	Samtals
01 (18-66 ára)	359	1.068	2	1.429
03 (yngri en 18 ára)	538	628	0	1.166

04 (frítt skírteini)	176	395	0	571
05 (starfsfólk)	2	10	0	12
06 (Bókin heim)	5	14	0	19
08 (stofnanir)	3	2	28	33
80 (Mls söfn)	2	2	32	36
81 (söfn)	0	0	1	1
Samtals		1.085	2.119	63

L04 Nýir lánþegar eftir lánþegategund 2018

Lánþegategund	Karl	Kona	Ótilgreint	Samtals
Samtals	111/116	139/149	3/6	253/271

08 Útlán og endurlán eftir efnistegund eintaks	
Efnistegund	Fjöldi
***** Samtals	41.721
Bók (BOOK)	35.248/35419
Gagnasett (KIT)	414/ 421
Geisladiskur (CD)	116/ 93
Geisladiskur/hljóðbók (CDSPO)	409/ 825
Innb. tímarit (ISSBD)	30/32
MP3-hljóðbók (MP3)	1.187/1499
Myndband (VIDEO)	0/1
Mynddiskur (DVD)	447/843
Nótur (MUSIC)	14/11
Snælda/hljóðbók (AUDSP)	2/2
Tímaritshefti (ISSUE)	2.721/2573
Tæki (EQUIP)	4/1
Tölvugögn (DIGIT)	5/571
Rafbækur	171
Annað, spil	2/371
Útlán 2018	42.448 /42.263